

**Ed.**

## **406. Frumvarp**

til laga um stofnun atvinnudeildar við Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal setja á stofn fimmtu deild, er nefnist atvinnudeild.

2. gr.

Í atvinnudeild skulu vera 1 prófessor í fiskifræði, 1 prófessor í efnafræði og 1 prófessor í líffræði.

3. gr.

Prófessorunum skulu skipaðir 4 aðstoðarmenn. Áður en aðstoðarmaður er settur eða skipaður skal ávallt leita umsagnar deildarinnar. Um laun aðstoðarmanna verður ákveðið í launalögum, en þangað til skulu þau vera 5000 kr. á ári.

4. gr.

Deildinni skal fengið húsnæði í væntanlegri háskólabyggingu eða í sérstakri byggingu, ef það þykir betur henta. Þó skal líffræðirannsóknnum fengið húsnæði í núverandi rannsóknarstofu háskólans.

5. gr.

Starfsmönnum atvinnudeildar skal sérstaklega falið að framkvæma visindalegar rannsóknir í þarfir landbúnaðar, fiskveiða og iðnaðar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

6. gr.

Allur kostnaður við rekstur þessarar deildar skal greiddur úr rikissjóði, að svo miklu leyti sem starfsemi hennar ber sig ekki sjálf.

7. gr.

Deildin tekur til starfa, þegar henni hefir verið séð fyrir húsnæði, og ganga þá jafnframt úr gildi lög nr. 17 14. júní 1929, um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

### **Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni hæstv. kennslumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó óbundin atkvæði, bæði um frv. sjálft og einstök atriði þess. Ennfremur rétt til að bera fram brtt. við það eða vera með brtt., sem fram kunna að koma, og jafnvel að greiða atkv. móti frv., nái þær brtt. ekki fram að ganga.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá kennslumálaráðherra:

„Kennurum háskólans er það ljóst, að markmið æðsta skóla þjóðarinnar á ekki eingöngu að vera það, að útskrifa embættismenn, heldur væri ekki minna um hitt vert, ef þessi menntastofnun gæti orðið miðstöð fyrir hagnýta þekkingu, sem atvinnurekendur landsins gætu leitað til í ýmsum vandamálum, og hefði aðstöðu til að taka upp og reyna að leysa ýmis vandamál atvinnuveganna.

Nú er það svo, að helztu atvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og fiskveiðar, hafa enga visindastofnun, sem hefir það fyrir markmið að bæta úr þeim þekkingarskortum, sem háir báðum þessum atvinnugreinum. Aðrar menningarþjóðir hafa stórar og völdugar stofnanir til þess að skapa þá þekkingu, sem atvinnuvegirnir verða að byggjast á, og virðist svo sem það tvennt haldist í hendur, að vel sé hlúð að slíkum stofnunum og að atvinnuvegirnir blómgist, þar sem þeir njóta aðstoðar slíkra stofnana. Það er t. d. alkunnugt, að Þjóðverjar eiga visindastofnunum sínum mestmegnis að þakka framfarir þær, sem iðnaðurinn hefir tekið þar í landi, og sama er að segja um landbúnaðinn og landbúnaðarháskólann í Danmörku, háskólana í Ameríku, sem meir en nokkrir aðrir háskólar eru byggðir með þetta fyrir augum, og svona mætti lengi telja.

Hér á landi vantar mikið á, að vér þekkjum þau skilyrði, sem nauðsynleg eru til að byggja á heilbrigðan landbúnað, fiskveiðar og allskonar iðnað. Íslensk mold hefir sama sem ekkert verið rannsökuð með tilliti til gróðrarskilyrða, en samt er erlendur áburður fluttur inn í stórum stíl, án þess að vér höfum næga þekkingu á því, hvers moldin þarfnast fyrst og fremst.

Fóðurrannsóknir hafa lítt verið gerðar, og þó er oss afaráriðandi að vita, hvaða fóðurbæti borgar sig bezt að gefa og hvernig er bezt að bæta upp hrakin hey.

Svo má segja, að hér vanti allt eftirlit með matvælum, svo að landsmenn eiga oft ómögulegt með að fá skorið úr því með óyggjandi móti, hvort matvara o. fl. sé skemmt eða svikið.

Fiskframleiðendur hafa beðið mikið tjón á undanförunum árum af skemmdum, sem orðið hafa á saltfiski vegna „rauðslaga“ og „jarðslaga“, hvorttveggja skemmdir, sem stafa af smáverugróðri, sem von er um að takast megi að komast hjá, ef rétt er að farið. En til þess þarf visindalegar rannsóknir á skemmdunum og lifsskilyrðum gerla og sveppa þeirra, sem valdir eru að þeim.

Fiskveiðarnar, sem eru fjöregg þjóðarinnar, eru ef til vill merkasta rannsóknarefni visindamanna vorra. Enginn efi er á því, að útgerðinni ætti að vera mikill hagur að því, að framkvæmdar séu stöðugar rannsóknir á fiskgöngum og átu, ennfremur hita og straumum sjávarins, og hafa þær rannsóknir, sem þegar hafa verið gerðar í þessum efnunum, sýnt, að mikils má vænta af visindalegu starfi á þessu sviði. Fiskveiðadeildin þyrfti að vera í samvinnu við fiskiskip og varðskip, sem ættu að geta veitt mikilsverða aðstoð við rannsóknirnar. Fyrir land, sem er umkringgt einhverjum auðugustu fiskimiðum heimsins, er ekki vansalaust að hafa ekki visindalegar fiskirannsóknir við háskóla sinn, úr því að slík stofnun er til.

Úr því að ríkisstjórnin hefir gefið háskólanum einkaleyfi til þess að afla sér fjár til háskólabyggingar með happdrættinu, þá er það ósk núverandi kennara við stofnunina, að hinn nýi háskóli, sem byggður verður, megi verða lifandi

menntastofnun, sem standi í nánu sambandi við alla holla starfsemi landsmanna, og að starfsvið háskólans verði vikkað svo, að menn geti átt athvarf þar með hverskonar vandræði, sem þeir eiga við að stríða í atvinnulífinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að starf þessarar deildar verði þriðætt:

1. Fiskirannsóknir, 2. liffræðirannsóknir og 3. efnarannsóknir.

1. Fiskideildinni er ætlað að fást við almennar fiski- og hafrannsóknir, áturannsóknir, klakrannsóknir og veita leiðbeiningar um fiskiðnað.

2. Liffræðideildin á að fást við almennar gerlarannsóknir, húsdýrasjúkdóma, mjólkur- og mjólkuriðnaðarrannsóknir og fjörefnarannsóknir.

3. Efnafræðideildin á að fást við almennar efnarannsóknir, iðnaðarefnarannsóknir, fódurrannsóknir, ennfremur jarðvegs- og áburðarefnarannsóknir.

Tveim síðastnefndu deildunum er því aðallega ætlað að starfa í þarfir landbúnaðarins.

Háskólaráðið telur æskilegt, að hver deild innan atvinnudeildarinnar hafi sérstakan forstöðumann, og verði þeir prófessorar, en þeim séu skipaðir alls 6 aðstoðarmenn.

Þar sem stofnun atvinnudeildarinnar hefir nokkurn kostnað í för með sér, er af háskólaráðinu gert ráð fyrir, að við forstöðu þessara deilda taki þeir mag. Árni Friðriksson í fiskideild, prófessor Niels Dungal í liffræðideild og Trausti Ólafsson í efnafræðideild, en allir þessir menn eru nú í þjónustu ríkisins, og mun því ekki verða um verulegan kostnaðarauka að ræða við að tengja þessa menn við hina nýju deild.

Háskólaráðið mun á sínum tíma gera tillögur um aðstoðarmenn þá, er frumvarpið gerir ráð fyrir, og er það þeirrar skoðunar, að völ sé nú þegar á ungum fræðimönnum, er séu hæfir til að taka þessi störf að sér.

Kostnaðinn við rekstur stofnunarinnar hefir háskólaráðið áætlað sem hér segir:

3 prófessorar .....	kr. 30000.00
6 aðstoðarmenn .....	— 30000.00
Annað starfsfólk:	
4 stúlkur á 3000.00 kr. ....	-- 12000.00
1 vinnunaður .....	— 3600.00
Híti, ljós, ræsting, skattar o. fl. ....	— 6000.00
Efni og áhöld .....	— 8000.00
Samtals	kr. 89600.00

Í tillögum þessum er gert ráð fyrir, að laun háskólakennara verði hækkuð frá því sem nú er.

Frá upphæð þessari má draga þann kostnað, sem ríkissjóður hefir nú af rannsóknarstofu ríkisins og vegna Árna Friðrikssonar og Hákonar Bjarnason.

Efnarannsóknarstofan .....	kr. 18820.00
Til jarðvegsrannsóknna, nú veitt .....	— 5000.00
Árni Friðriksson, laun hjá Fiskifélaginu .....	— 5400.00
Samtals	kr. 29220.00

Ennfremur laun prófessorsins í liffræði, kr. 10000.00, þar sem gert er ráð fyrir, að núverandi prófessor í liffærameinfræði taki þessi störf að sér, án aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð, og hefir hann tjáð sig fúsan til þess.

Til frádráttar koma því kr. 39220.00, og verða þá eftir kr. 50380.00.

Nú má gera ráð fyrir nýjum tekjustofnum:

- |   |                      |
|---|----------------------|
| a. Mjólkurannsóknir, sem æskilegt væri, að lögskipaðar yrðu fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð, þannig að liffræðideildin hafi eftirlit með mjólkursölu og mjólkurframleiðslu, og greiði mjólkurframleiðendur kostnaðinn. Þessar tekjur mætti áætla árlega ca. .... | kr. 5000.00          |
| b. Tekjur af matvælarannsóknum ca. ....   | — 5000.00            |
|   | Samtals kr. 10000.00 |

Aukin útgjöld samkvæmt þessari áætlun verða því aðeins ca. kr. 40000.00 árlega.

Loks má taka það fram, að æskilegt væri, að baðlyfjagerð yrði komið upp í sambandi við atvinnudeildina, og mætti fá allverulegar tekjur af henni með sama verði á baðlyfjum og nú er“.